

## KYNNING Á MYNDLISTARVERKEFNINU HEIMA-MENN 339

Kæri samstarfsaðili. Við undirritaðar, Anna Eyjólfsdóttir og Ragnildur Stefánsdóttir, erum skipuleggendur og verkefnastjórar myndlistarverkefnisins, HEIMA-MENN-339.

Hugmyndin er að í Reykjavík verði miðstöð verkefnisins, í nálægð við hafið, og teigi þaðan anga sína til þriggja nálægra sjávarplássanna, Akraness, Grindavíkur og Þorlákshafnar.

Sjávarplássin eru útverðir verkefnisins en þar verða settar upp útisýningar.

Menningarfulltrúar og bæjarstjórnir Akraness, Grindavíkur og Þorlákshafnar hafa lýst yfir góðum vilja til þátttöku í verkefninu.

Við höfum fengið vilyrði Vigdísar Jakobsdóttur. Litræns stjórnanda Listahátíðar í Reykjavík að verkefnið verði á dagskrá hátíðarinnar 2018, með fyrirvara um að við náum að fjármagna verkefnið. Við leitum til Sveitarfélaganna sem þátt taka í verkefninu um stuðning, bæði fjárhagslegan og í formi ýmissar aðstoðar við listamenn, t.d. fæði, húsnæði, vinnuaðstöðu, efnisöflun og aðstoð við uppsetningu verka.

Við höfum hafið leit að listamönnum og talað við erlenda og íslenska fagaðila til aðstoðar sem hafa lýst yfir áhuga á samstarfi. Listamennirnir verða frá Íslandi Póllandi og Norðurlöndunum.

Akranes, Grindavík og Þorlákshöfn eru valin sérstaklega vegna staðsetningar þeirra. Ef dregnar eru beinar línur milli plássanna (á landakorti) myndast þríhyrningur, sem hefur hlutföllin 103, 113 og 123. Nafn sýningarinnar vísar til tölunnar 339 sem verður til þegar hlutfallstölur þríhyrningsins eru lagðar saman.

Við höfum ásamt fleirum unnið undanfarin ár að verkefni sem fjallar um hugtakið heima, og spurninguna Hvar á ég heima? Verkefnið hefur breyst og þróast á þessum tíma og hefur nú fengið titilinn *HEIMA-MENN-339* með undirtitilinn - *Hvar á ég heima?*

Lítil sjávarpláss á Íslandi eru vel til þess fallin að fjalla um spurninguna - *Hvar á ég heima?*

Þaðan hefur verið mikið um brottflutning ungs fólks sem hefur

fæðst þar og alist þar upp. Margt hefur breyst á Íslandi undanfarin ár, t.d. vinna nú fáir

Íslendingar í fiski, en Pólverjar og Austurlandabúar sinna þeim störfum að mestu leyti. Þetta fólk kemur langt að og hefur sest hér að. Það hefur sagt skilið við heimahaga sín. En hvað

gerist? – Hvar á maður heima? Er það þar sem maður fæddist eða þar sem maður ákveður að búa hverju sinni? Eru tengsl við upprunann alltaf til staðar, við föðurland og móður jörð. Hvenær verða menn heimamenn?

Listamennirnir verða átján talsins, níu íslenskir og níu erlendir. Erlendu listamennirnir verða frá Póllandi, Noregi og einu Baltic landanna. Þrír íslenskir og 3 erlendir listamenn verða í hverju plássi og vinna saman að sýningunni í 12 daga, frá 20. maí – 2 júní 2018. Sýningin opnar formlega 1. Júní um leið og Listahátíð í Reykjavík og lýkur í byrjun September. Frumhugmyndin er að skapa samtal milli heimamanna/ aðkomumanna og listamanna um hvar er “heima”. Hugmynd okkar er að í lok sumars þegar skóla hefjast aftur verði gefinn kostur á kynningu á verkefninu fyrir þá sem áhuga hafa.

Reykjavík er huglæg miðja verkefnisins. Þar verður sýning á skissum, hugmyndavinnu og samantekt á undirbúningi og ferli útisýninganna. Fyrirhugaðir eru fyrirlestrar þar sem fræðimenn, heimspekingar, mannfræðingar og fleiri velja upp og kryfja spurninguna - *Hvar á ég heima?* Í hverju plássi verður miðstöð sem tengist höfuðmiðstöðinni í Reykjavík.

Það sem veldur síauknum fólksflutningum milli landa er ýmist ævintýraþrá eða vonin um betra líf eða að fólk neyðist til að flytja frá sínum heimahögum. Með fólkinu berast menningarverðmæti, menningargildi sem skarast við þau sem fyrir eru og ný verða til. Það vekur upp spurningar um verndun menningargilda og virðingu fyrir þeim menningarlega mun sem er milli innfæddra og innflytjenda. Önnur spurning getur verið; hvort það sé mikilvægt að geyma minningar og viðhalda gildum sem skapa ímynd staða og sjálfsmynd þeirra sem þar búa - heima-mönnum. Markmið verkefnisins er að draga þessar spurningar fram í dagsljósið og leita svara.

*Hvar á ég heima* er pólitísk-, menningarleg- og landfræðileg spurning í heimi hnattvæðingar, þar sem heimurinn virðist skreppa ört saman vegna aukins upplýsingaflæðis og síaukins flæði fólks á milli svæða. Inn í hugtakið fellur einnig umræða um flóttafólk og heimilislaus og miskiptingu fjármagns, náttúrugæða og lífsgæða. Heimurinn þróast hratt í að verða þverþjóðlegur og landamæralaus,

Virðingarfyllt

Anna Eyjólfsdóttir, myndlistarmaður

Ragnhildur Stefánsdóttir, myndlistarmaður

Anna Eyjólfsdóttir

Vogaland 8, 108 Reykjavík, Iceland

tel + 354 891 7148

[aeyjo@hotmail.com](mailto:aeyjo@hotmail.com)

<http://umm.is/UMMIS/Listamenn/Listamadur/16>

Ragnhildur Stefánsdóttir

Skerplugötu 7, 101 Reykjavík, Iceland

Tel + 354 8978246

[raggafow@simnet.is](mailto:raggafow@simnet.is)

[www.ragnhildur.is](http://www.ragnhildur.is)

### **Samstarfs- og styrktaraðilar verkefnisins:**

1. Listahátíð í Reykjavík 2018 / Vigdís Jakobsdóttir, listrænn stjórnadi hátíðarinnar.
2. Sveitarfélagið Þorlákshöfn/ Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir, markaðs og menningarfulltrúi.
3. Sveitarfélagið Akranes/ Ella María Gunnarsdóttir, forstöðumaður menningar-og safnamála.
4. Sveitarfélagið Grindavík/ Björg Erlingsdóttir, sviðstjóri frístunda- og menningarsviðs.
5. Waslaw Kuczma, framkvæmdastjóri Center of Contemporary Art í Torun í Póllandi.
6. Sarmen Beglarian sýningarstjóri Biuro Wystaw, gallery í Warsaw í Póllandi,
7. Pari Stave, Senior Administrator, Modern and Contemporary Art, Metropolitan Museum of Art, New York.
8. Rúrí myndlistarmaður og ráðgjafi verkefnisins.
9. Fyrirhugað era ð sækja um styrki fyrir verkefninu til Reykjavíkurborgar, Menningar og fræðsluráðs og EEA Grants/Norway Grants . (Cooperation Projects 2017)

<http://eeagrants.org/>